



**38. fundur Heimastjórnar Borgarfjarðar  
haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins, Borgarfirði, þriðjudaginn 15. ágúst 2023  
og hófst hann kl. 08:30**

**Fundinn sátu:**

Eypór Stefánsson formaður, Alda Marín Kristinsdóttir aðalmaður, Ólafur Arnar Hallgrímsson aðalmaður og Jón Þórðarson fulltrúi sveitarstjóra.

**Fundargerð ritaði:** Jón Þórðarson, fulltrúi sveitarstjóra

Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að bæta við dagskrárlið 3, Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir Blábjörg ehf., vegna breytingar á afgreiðslutíma áfengis og fella út dagskrárlíðinn Umsagnarferli vegna umsóknar um leyfi til sölu áfengis á framleiðslustað fyrir Blábjörg ehf. Var það samþykkt samhljóða.

**Dagskrá:**

**1. 202307020 - Ársfundur náttúruverndarnefnda 2023**

Ársfundur Náttúruverndarnefnda verður haldinn á Ísafirði 12. október 2023. Fulltrúi Náttúruverndarnefndar Borgarfjarðar mun sitja fundinn.

Lagt fram til kynningar.

**2. 202307027 - Ágangur búfjár á heimalöndum**

Fyrir liggja tillögur að verklagsreglum varðandi ágang búfjár á heimalöndum. Tillögurnar eru unnar af Aroni Thorarensen, lögfræðingi og verkefnisstjóra, Margréti Ólöfu Sveinsdóttur, verkefnastjóra umhverfismála og Óðni Gunnari Óðinssyni skrifstofustjóra. Einnig liggur fyrir erindi frá Bændasamtökum Íslands varðandi lausagöngu/ágang búfjár sem og önnur gögn er varða málið.

Á fundi byggðaráðs 11.7. 2023 var eftirfarandi bókað:  
Byggðaráð Múlaþings samþykkir að vísa fyrirbyggjandi tillögum, auk erindis Bændasamtakanna, varðandi ágang búfjár í heimalöndum til umsagnar og upplýsingar hjá heimastjórnnum. Málið verður tekið til afgreiðslu í byggðaráði er umsagnir heimastjórna liggja fyrir.

Heimastjórn Borgarfjarðar gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi drög. Heimastjórn vill þó taka fram að til þess að gera starfsfólki kleift að framfylgja reglum án aðkomu nefndar, í málum sem viðbúið er að verði umdeild, þurfa reglurnar að vera skýrar. Í vandmeðfarnari málum gæti aðkoma nefnda verið æskileg.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**3. 202308046 - Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir Blábjörg ehf, vegna breytingar á afgreiðslutíma áfengis**

Fyrir liggur erindi frá Sýslumanninum á Austurlandi dagsett 25. júlí 2023. Erindið



snýr að umsókn Blábjarga um breytingu á rekstrarleyfi afgreiðslutíma áfengis.

Heimastjórn Borgarfjarðar gerir fyrir sitt leyti engar athugasemdir við breytingarnar.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

#### **4. 202307108 - Gangnaboð og gangnaseðlar 2023**

Fyrir liggja gangnaboð og gangnaseðill 2023 til afgreiðslu.

Heimastjórn Borgarfjarðar samþykkir fyrirbyggjandi gangnaseðil fyrir Borgarfjörð.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

#### **5. 202011069 - Fjarðarborg - Samfélagsmiðstöð**

Steingrímur Jónsson starfsmaður á umhverfis- og framkvæmdasviði Múlaþings mætti á fund heimastjórnar og fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir við Fjarðarborg.

Útboði er lokið og verið er að fara yfir þau tilboð sem bárust.

Lagt fram til kynningar.

#### **Gestir**

Steingrímur Jónsson - 10:30

#### **6. 202208103 - Leiguíbúðir í eigu Múlaþings**

Fyrir liggur beiðni um að útdeila Breiðvangi 2 til Ásgeirs Boga Arngrímssonar, nýs verkstjóra áhaldahúss á Borgarfirði.

Vegna ráðningar hans samþykkir heimastjórn að úthluta Ásgeiri Boga Arngrímssyni Breiðvang 2 í samræmi við 3. grein reglna um úthlutun á leiguhúsnæði í eigu Múlaþings (annarra en félagslegra íbúða).

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

#### **7. 202308028 - Framkvæmdir Vegagerðarinnar á Borgarfirði**

Heimastjórn fundaði með Sveini Sveinssyni umdæmisstjóra Vegagerðarinnar á Austurlandi 14. júlí síðastliðinn þar sem ræddar voru fyrirhugaðar framkvæmdir Vegagerðarinnar á Borgarfirði.

Vegagerðin hyggst skila þorpsgötunni til sveitarfélagsins. Áður mun hún skipta út ræsum og færa veginn til nútímalegra horfs. Heimastjórn benti á nauðsyn þess að lagfæra sjóvarnir meðfram götunni. Áætlað að hefja framkvæmdir í haust.

Hafin er breikkun Hafnarvegarins. Til stendur að breikka hann frá Hofströnd og út í höfn í áföngum. Áætlað er að ljúka breikkun vegarins snemmsumars 2024.

Vegagerðin áætlar að hefja vinnu við að girða ofan vegar frá Landsenda að þorpsgirðingu í haust. Tímaraminn ræðst af samkomulagi við landeigendur.



Heimastjórn ítrekaði jafnframt nauðsyn þess að vetrarþjónustu til Borgarfjarðar sé sinnt alla daga vikunnar.

Lagt fram til kynningar.

**8. 202212043 - Skýrsla fulltrúa sveitarstjóra á Borgarfirði**

Fulltrúi sveitastjóra fór yfir helstu verkefni á Borgarfirði.

Ný löndunarbryggja hefur verið boðin út og auglýst á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Unnið er að frekari skiltagerð og útfærslu varðandi frjálts framlög í Hafnarhólma.

**9. 202010615 - Fundir Heimastjórnar Borgarfjarðar**

Næsti fundur heimastjórnar Borgarfjarðar er áætlaður mánudaginn 11. september 2023. Erindi fyrir fundinn þurfa að berast fyrir kl. 12:00 miðvikudaginn 6. september. Erindi skal senda á netfangið [jon.thordarson@mulathing.is](mailto:jon.thordarson@mulathing.is) eða [eythor.stefansson@mulathing.is](mailto:eythor.stefansson@mulathing.is) eða bréfleiðis til Hreppsstofu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00**

